

# Fréttannáll 2022 (janúar–júní)



Stjórnarráð Íslands  
Utanríkisráðuneytið

4. janúar

Samningur Íslands og Bretlands um vinnudvöl fyrir ungt fólk tekur gildi. Ísland er fyrsta ríkið á EES-svæðinu til að gera slíkan samning. [Nánar >](#)

11. janúar New York

Ísland er kjörið í varaforseti framkvæmdastjórnar UN Women fyrir hönd ríkjahóps Vesturlanda fyrir árið 2022. [Nánar >](#)

20. janúar

Útgáfu Sturlungasögu í sænskri þýðingu fagnað í Gautaborg, í samstarfi við sendiráðið. [Nánar >](#)

25. janúar Genf

Þriðja allsherjarúttekt (UPR) á stöðu mannréttindamála á Íslandi. [Nánar >](#)

27. janúar

Nordic Bridges, stærsta sameiginlega menningarverkefni Norðurlanda á erlendri grundu, hefur göngu sína í Kanada. [Nánar >](#)

9. mars


Menningardagskráin MØT Reykjavík formlega opnuð í Bærum kulturhus af Ingibjörgu Davíðsdóttur sendiherra og Kai Gustafsen menningarstjóra. [Nánar >](#)

28. febrúar

Sendiráðið tekur þátt í verkefninu „Sendiherra í einn dag“ sem hefur það að markmiði að hvetja ungar stúlkur til að sækja sér leiðtoga-hlutverk. [Nánar >](#)

11. febrúar

Sýningin Hliðstæðar víddir sett upp í samnorræna húsinu í Berlín. Fjöldi listamanna taka þátt í sýningunni m.a. Ragnar Kjartansson. [Nánar >](#)



16. mars

Eliza Reid fundar með Joe og Jill Biden og er heiðursgestur á viðburði í Hvíta húsinu í tilefni af jafnlaunadegi og mánuði tileinkuðum réttindum kvenna. [Nánar >](#)



26. apríl

Grænensk-íslenska viðskiptaráðið stendur fyrir ferð viðskiptasendinefndar til Nuuk. Aðalræðismaður býður til móttöku. [Nánar >](#)

26. apríl New York

Ísland og Grenada leiða til lykta samningaviðræður um fjármögnun þróunar sem samþykkt var á ráðherrafundi. [Nánar >](#)



8. júní

Aðalræðisskrifstofan fær Einar Má Guðmundsson til að koma til Færeyja í tilefni af menningarnótt í Þórshöfn. [Nánar >](#)

18. maí New York

Nikulás Hannigan aðalræðismaður fundar ásamt forseta Íslands og menningar- og viðskiptaráðh. með hátæknirismis í Kísildalnum og Seattle. [Nánar >](#)

12. maí

Stefán Haukur Jóhannesson sendiherra heimsækir Hiroshima og hittir m.a. borgarstjóra og Keiko Ogura, sem lifði af kjarnorkuárásina 6. ágúst 1945. [Nánar >](#)



10. júní

Síðasta síldartunnan flutt til Íslands frá Noregi m.a. fyrir tilstuðlan sendiráðsins og afhent Síldarminjasafninu á Siglufurði. [Nánar >](#)

13. júní Genf

Tólfti ráðherrafundur WTO. Ísland, Botswana og El Salvador taka að sér áframhaldandi leiðtoga-hlutverk um málefni viðskipta og jafnréttis. [Nánar >](#)



23. júní

Sendiráðið í samstarfi við Íslandsstofu stendur fyrir þriggja daga íslenskrí menningarhátíð í París. [Nánar >](#)

27. júní Róm

Martin Eyjólfsson ráðuneytisstjóri fundar með aðalframkvæmdastjóra Matvæla- og landbúnaðarstofnunar Sameinuðu þjóðanna. [Nánar >](#)

# Fréttannáll 2022 (júlí–desember)



Stjórnarráð Íslands  
Utanríkisráðuneytið

5. júlí  Brussel

Hermann Ingólfsson fastafulltrúi undirritar aðildarsamninga Finnlands og Svíþjóðar að Atlantshafsbandalaginu. [Nánar >](#)



4. ágúst 

Utanríkisráðherra heimsótti Íslendingaslóðir í Manitóba og Norður-Dakóta. [Nánar >](#)

16. ágúst 

Sendiráð Íslands í Vína borg opnað að nýju með viðveru utanríkisráðherra sem einnig átti tvíhliðafund með utanríkisráðherra Austurríkis. [Nánar >](#)

25. ágúst 

70 ára stjórnmalasambandsafmæli Íslands og Þýskalands. Utanríkisráðherra og Evrópumálaráðherra Þýskalands heiðursgestir í móttöku sendiherra. [Nánar >](#)

9. september 

Sendiherrahjón og forsetahjón taka þátt í hátíðarhöldum í tilefni af 50 ára krýningarafmæli Danadrottningar. [Nánar >](#)



8. september 

Andlát Elísabetar II Bretlandsdrottningar. Sturla Sigurjónsson sendiherra áritar í samúðarbók. Forseti Íslands sækir útförina. [Nánar >](#)



3. september 

Sendiráð Íslands í Moskvu sótti minningarathöfn Mikhaíls S. Gorbatsjovs. [Nánar >](#)

19. september 

Ísland og Kanada fagna 75 ára stjórnmalasambandsafmæli með ýmsum viðburðum á árinu. [Nánar >](#)

22. september 

Orku- og loftslagsráðstefnan Our Climate Future – U.S.-Iceland Clean Energy Summit m.a. með þátttöku forsætiráðherra og utanríkisráðherra. [Nánar >](#)

29. september 

Norrænu sendiráðin halda í fyrsta skipti öll Vestnorræna daginn hátíðlegan í Peking. Ísland leiðir verkefnið. [Nánar >](#)

14. október 

Málstofa um jarðvarmanýtingu, kolefnisbindingu og -nýtingu á vegum sendiráðsins í Nýju Delhí og Indversk-íslenska viðskiptaráðsins (IIBA). [Nánar >](#)

4. nóvember 

Sendiráðið stendur að byggingu þriggja barnaskóla í Namayingo héraði, að upphæð 256 milljónir króna. [Nánar >](#)

23. nóvember  Brussel

Utanríkisráðherra stýrir fundi EES-ráðsins og var f.h. EES/EFTA-ríkjanna gestgjafi þegar ráðið kom í fyrsta skipti saman í EFTA-húsinu í Brussel. [Nánar >](#)

16. nóvember 

Metfjöldi íslenskra fyrirtækja, 65 talsins, sækir nýsköpunarhátíðina Slush í Finnlandi. [Nánar >](#)

7. nóvember  Strassborg

Ráðherranefnd Evrópuráðsins samþykkir að fjórði leiðtogafundurinn í sögu Evrópuráðsins verði haldinn á Ísland. [Nánar >](#)

5. nóvember 

Sendiráð Íslands í Kína heimsækir Sjanghai. Kaupstefna, viðskipti, tollamál og málefni norðurslóða efst á baugi. [Nánar >](#)



1. desember  Brussel

Málþingið „Orkuöryggi hraðar grænum orkuskiptum“ á vegum sendiráðsins og fleiri ríkja fer fram í húsakynnum EFTA í Brussel. [Nánar >](#)

1. desember 

Sendiráð Íslands í Varsjá opnað formlega á fullveldisdaginn. [Nánar >](#)

2. desember 

Árni Þór Sigurðsson sendiherra í Moskvu opnar ræðisskrifstofu í Kísíná í Moldóvu. [Nánar >](#)

6. desember 

Nýju samstarfi við Nkhotakota héraði ýtt úr vör. [Nánar >](#)

